

Næstu dagsgöngur Norðurslóðar

24. júní Sólstöðuganga á Rauðanúp 🥾
Gangan er hluti af Sólstöðuhátíð á Kópaskeri.

17. júlí Fossdalur í Gunnólfsvíkurfjalli 🥾
Stutt og létt ganga, tilvalin fyrir alla fjölskylduna.

13. ágúst Sléttugangan 🥾🥾
Gengið frá Raufarhöfn í Blikalónsdal og norður eftir dalnum út í Blikalón.

27. ágúst Jökulsárgljúfur að austan 🥾🥾
2. áfangi: Gengið frá Gloppu upp að Hafursstöðum.

Skeglaan í tölvupósti

Hægt er að fá Skegluna senda í tölvupósti um leið og hún er tilbúin, sem er oftast á mánudagskvöldum. Sendið línu á skeglaan@simnet.is ef þið viljið vera á póstlistanum.

Skeglaan

Skeglaan kemur út alla miðvikudaga nema annað sé auglýst. Auglýsingar berist á netfangið skeglaan@simnet.is eða í síma 892-8202 fyrir kl. 22:00 á mánudagskvöldum. Skeglaan kemur næst út miðvikudaginn 22. júní 2016. Gjaldskrá: Hálf síða 2.700,-, heilsíða 3.900,-. Skeglunni er dreift á hvert heimili allt frá Bakkafirði vestur í Kelduhverfi.

Skeglaan

Áb.: Halldóra Gunnarsdóttir

Fréttabréf á Langanesi og nágrenni
23. tbl. 7. árg. Miðvikudagur 15. júní 2016



17. júní

Í tilefni af Þjóðhátíðardegi okkar Íslendinga verður sameiginleg dagskrá hjá Hestamannafélaginu Snæfaxa og Kvenfélagi Þistilfjarðar á Lönguhlíðarmelum 17. júní kl. 14.00.

Dagskrá:

- Setning samkomu
- Hópreið
- Ávarp fjallkonu og hátíðarræða
- Firmakeppni
- Fullorðinsflokki (17 ára og eldri), barna- og unglingsflokki
- Stökk – Kappreiðar
- Að fornum sið fá áhorfendur að dæma og hvetjum við sem flesta til að mæta og nýta atkvæðisrétt sinn, ásamt því að eiga góða stund með fallegum hestum og skemmtilegu fólki.
- Hressing í boði Kvenfélagsins, Svalbarðshrepps og Snæfaxa
- Leikir og glens.
- Verðlaunaafhending

Skráning í síma 846-1430 Reynir eða 846-0040 Ívar
eða í gegnum Facebook síðu Snæfaxa fyrir fimmtudagskvöld 16. júní.

Vonumst til að sjá sem flesta, því maður er jú manns gaman!
Kvenfélagið og Snæfaxi

Sumarleyfisferðir Norðurslóðar

Sumarleyfisferðir Ferðafélagsins Norðurslóðar eru tvær í sumar.

Sú fyrri er **Langanes - Fontur 3. - 7. júlí** og hin seinni

Öxarfjörður út og suður 11. - 15. júlí.

Ágætlega er bókað í Langanesferðina, aðeins örfá sæti laus ef pantað er strax. Ferð um friðsæla byggð sem var og eyðipörp með mikla sögu, um lífleg fuglabjörg og út á ysta odda Langaness. Gist í fjórar nætur á farfuglaheimili.

Öxarfjörður út og suður er bækistöðvarferð frá Kópaskeri. Gengið frá fjöru til fjalla, um núpa, gil og gljúfur í þeim yndislega fallegu sveitum. Tveggja skóa ferð, rólegheit í fyrirrúmi.


Vörsluvík og Hvalvík. Núpskatla og Rauðinúpur. Menningar- og fræðslurölt, misgengisganga. Naustárfoss, Öxarnúpur, kumlið í Klaufargerði, Sveltingur, Buðlungahöfn. Grettisbæli, Borgir, Gloppa. Allt þetta og fleira í sumarleyfisferð við Öxarfjörð.

Í þessa ferð vantar enn nokkra þáttakendur. Því er fólk hvatt til að láta alla vita sem hugsanlega hefðu áhuga og hvetja fólk til þátttöku. Og það sem allra fyrst! Allar upplýsingar og skráning á ffnordurslod@simnet.is eða í síma 892-8202

Skeglan á Kópaskeri

Nú hefur ræst úr póstburðarmálum á Kópaskeri sem betur fer og póstur borinn út eins og vera skal.

Þó er minnt á að hægt er að fá Skegluna senda í tölvupósti.



17. júní opnum við fyrsta áfangann í Kaupfélaginu.....gallerí og kaffihús.....af því tilefni bjóðum við gestum og gangandi að koma og þiggja veitingar frá 11-16... Allir velkomnir...

Snæbjörn og Kristjana